

Fréttatilkynning



**Góð afkoma Byrs sparisjóðs á fyrri helmingi 2007
Hagnaður ríflega fimmfaldast
-arðsemi eigin fjár 62,4%**

Hagnaður Byrs sparisjóðs fyrstu sex mánuði ársins 2007 nam 5.203,8 m.kr. fyrir tekjuskatt en nam 759,2 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2006 og nemur aukningin 585,4%. Að teknu tilliti til skatta var hagnaður tímabilsins 4.342,5 m.kr. í samanburði við 698,5 m.kr. fyrri hluta árs 2006. Hagnaður eftir skatta jókst um 521,7% milli tímabila. Er hér um að ræða mesta hagnað sparisjóðsins á einum árs helmingi og er hagnaðurinn rúmlega fimmfaldur miðað við sama tímabil árið áður. Árs hlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Helstu niðurstöður úr rekstri og efnahag:

- Hagnaður Byrs sparisjóðs tímabilið 1.1 til 30.6 2007 nam 5.203,8 m.kr. fyrir skatta samanbórið 759,2 m.kr. fyrir sama tímabil 2006.
- Hagnaður eftir skatta nam 4.342,5 m.kr. samanbórið við 698,5 m.kr. fyrstu sex mánuði ársins 2006.
- Arðsemi eigin fjár var 62,4% á ársgrundvelli.
- Vaxtatekjur sparisjóðsins námu 5.037,1 m.kr. og jukust um 42,6% frá sama tímabili árið 2006.
- Vaxtagjöld námu 4.184,6 m.kr. og jukust um 49,4% miðað við sama tímabil síðasta árs.
- Hreinar vaxtatekjur námu 852,5 m.kr. samanbórið við 731,9 m.kr. fyrri hluta árs 2006 og hafa því aukist um 16,5%.
- Hreinar rekstrartekjur námu 6.687,9 m.kr. samanbórið við 1.643,8 m.kr. fyrri hluta árs 2006 og hafa því aukist um 306,8%.
- Rekstrargjöld námu 1.328,6 m.kr. fyrstu sex mánuði ársins og jukust um 89,4% frá sama tímabili árið 2006. Launakostnaður hækkaði um 56,0% en almennur rekstrarkostnaður hefur aukist um 127,2%.
- Kostnaðarhlutfall sparisjóðsins fyrri helming ársins 2007 var 19,7% á móti 42,7% fyrir sama tímabil árið 2006.
- Virðisrýrnun útlána nam 155,4 m.kr. samanbórið við 183,1 m.kr. fyrstu sex mánuði ársins 2006.
- Afskriftarreikningur lána og krafna nam í lok júní 2007 1,2% af útlánnum og veittum ábyrgðum en var 1,0% í árslok 2006 og 1,70% á sama tíma fyrir ári.

- Útlán til viðskiptavina námu 77.197,2 m.kr. og jukust um 5,8% frá árslokum 2006.
- Innlán viðskiptamanna námu 52.566,0 m.kr. og jukust um 12,2% frá árslokum 2006.
- Eigið fé í lok júní 2007 nam 18.251,5 m.kr. og hefur vaxið um 4.303,6 m.kr. frá áramótum eða um 30,9%. Hlutdeild minnihluta nemur 24,3 m.kr.
- Eiginfjárlutfall samkvæmt CAD-reglum var 14,6%.
- Vaxtamunur tímabilsins var 1,6% samanborið við 2,1% árið 2006 og 2,2% fyrir sama tímabil árið 2006.
-
- Heildarfjármagn í lok júní 2006 nam 112.387,5 m.kr. og hefur aukist um 7,9% frá áramótum.

BYR sparisjóður

Tilkynning vegna árshlutareiknings 30. júní 2007

BYR sparisjóður -í þúsundum króna-

Rekstrarreikningur 1/1 – 30/6 2007

	1/1-30/6 2007	1/1-30/6 2006	% Breyting
Vaxtatekjur	5.037.102	3.532.933	42,6%
Vaxtagjöld	-4.184.631	-2.800.986	49,4%
Hreinar vaxtatekjur	852.471	731.947	16,5%
Þjónustutekjur	417.335	197.537	111,3%
Þjónustugjöld	-104.142	-77.105	35,1%
Hreinar þjónustutekjur	313.193	120.432	160,1%
Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði	4.170.962	203.555	1949,1%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfyrirtækja	1.290.115	577.715	123,3%
Aðrar rekstrartekjur	61.166	10.183	500,7%
Aðrar rekstrartekjur samtals	5.522.243	791.453	597,7%
Hreinar rekstrartekjur	6.687.907	1.643.832	306,8%
Laun og launatengd gjöld	-565.677	-362.507	56,0%
Rekstrarkostnaður	-725.783	-319.423	127,2%
Afskriftir	-37.167	-19.579	89,8%
Rekstrargjöld samtals	-1.328.627	-701.509	89,4%
Virðisrýrnun útlána	-155.433	-183.097	-15,1%
Hagnaður fyrir skatta	5.203.847	759.226	585,4%
Reiknaður tekjuskattur	-861.360	-60.707	1318,9%
Hagnaður tímabilsins	4.342.487	698.519	521,7%

Efnahagsreikningur 30/6 2007

Eignir:	30/6 2007	31/12 2006	% Breyting
Sjóður og bankainnistæður	3.164.268	1.451.079	118,1%
Kröfur á lánastofnanir	6.785.106	8.812.690	-23,0%
Lán og kröfur	77.197.169	72.988.464	5,8%
Veltufjáreign	6.002.501	3.839.073	56,4%
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	8.653.357	6.988.111	23,8%
Hlutdeildarfélög	7.182.507	7.418.574	-3,2%
Óefnislegar eignir	1.394.804	1.508.546	-7,5%
Rekstrarfjármunir	717.509	771.609	-7,0%
Fjárfestingareignir og aðrar eignir	1.290.244	410.339	214,4%
Samtals eignir	112.387.465	104.188.485	7,9%
Skuldir og eigið fé:			
Innlán frá fjármála fyrirtækjum	9.359.579	8.335.902	12,3%
Almenn innlán	52.566.006	46.837.836	12,2%
Lántökur	26.791.553	30.020.742	-10,8%
Víkjandi lán	1.645.296	1.567.916	4,9%
Lífeyrisskuldbinding	949.347	945.462	0,4%
Skattskuld	2.735.066	1.609.640	69,9%
Aðrar skuldir	89.149	923.134	-90,3%
Eigið fé	18.251.469	13.947.853	30,9%
Skuldir og eigið fé samtals	112.387.465	104.188.485	7,9%
	1/1-30/6 2007	1/1-30/6 2006	
Eiginfjárlutfall skv. CAD	14,6%	15,7%	
Arðsemi eiginfjár (á ársgrundvelli)	62,4%	18,0%	
Vaxtamunur	1,6%	2,2%	
Afskriftir sem hlutfall af útlánum	1,2%	1,7%	
Meðalfjöldi stöðugilda	174	163	
Innlánsaukning	12,2%	18,6%	
Útlánsaukning	5,8%	25,2%	
Kostnaðarhlutfall	19,9%	42,7%	

Samanburðarfjárhæðir í árshlutareikningi Byrs sparisjóðs eru úr árshlutareikningi Sparisjóðs vélstjóra þann 30. júní 2006 og að viðbættum fjárhæðum fyrir maí og júní úr árshlutareikningi Sparisjóðs Hafnarfjarðar þar sem samrunadagur sjóðanna miðast við 30. apríl 2006.

Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem ráð er gert fyrir í ársreikningi og ætti að vera lesinn með hliðsjón af ársreikningi sjóðsins fyrir 31.12.2006.

Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi

Hagnaður sparisjóðsins fyrstu sex mánuði ársins 2007 nam 5.203,8 m.kr. fyrir tekjuskatt en nam 759,2 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2006 og nemur aukningin 585,4%. Að teknu tilliti til skatta var hagnaður tímabilsins 4.342,5 m.kr. í samanburði við 698,5 m.kr. fyrri hluta árs 2006. Hagnaður eftir skatta jókst um 521,7% milli tímabila.

Vaxtatekjur fyrri hluta árs 2007 námu alls 5.037,1 m.kr. og jukust um 42,6% frá sama tímabili fyrra árs. Vaxtagjöld jukust um 49,4% og námu alls 4.184,6 m.kr. Hreinar vaxtatekjur sparisjóðsins námu 852,5

m.kr. króna en voru 731,9 m.kr. á sama tíma árið 2006. Vaxtamunur, þ.e. vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum í hlutfalli af meðalstöðu heildarfjármagns, var 1,6%, en var 2,2% á sama tímabili í fyrra og 2,1% árið 2006. Hreinar þjónustutekjur, þ.e. þjónustutekjur að frádregnum þjónustugjöldum námu á fyrri hluta ársins 2007 alls 313,2 m.kr. samanborið við 120,4 m.kr. á sama tíma í fyrra. Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum á gangverði námu 4.171,0 m.kr. fyrstu sex mánuði ársins 2007 en námu 203,6 m.kr. á sama tíma í fyrra. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага námu 1.290,1 m.kr. á fyrri hluta ársins 2007 og jukust um 123,3% frá sama tímabili fyrra árs. Aðrar rekstrartekjur námu 61,2 m.kr. samanborði við 10,2 m.kr í fyrra.

Laun og launatengd gjöld sparisjóðsins fyrstu sex mánuði ársins 2007 námu 565,7 m.kr. en fyrir sama tímabil 2006 námu þau 362,5 m.kr. og eru 56,0% hærrí. Afskriftir rekstrarfjármuna námu á fyrri hluta árs 2007 alls 37,2 m.kr. sem er 89,8% aukning frá sama tímabili árið 2006. Annar rekstrarkostnaður nam 725,8 m.kr. samanborið við 319,4 m.kr. á sama tíma í fyrra og nemur aukningin 127,22%. Rekstrargjöld námu samtals 1.328,6 m.kr. fyrstu sex mánuði ársins 2007 en námu 701,5 m.kr. á sama tíma árið 2006. Rekstrargjöld sem hlutfall af meðalstöðu efnahags voru 2,5% á ársgrundvelli og hefur það hlutfall lækkað þar sem það nam 3,1% á sama tímabili árið 2006. Kostnaðarhlutfall var 19,9% en var 42,7% á sama tíma í fyrra.

Virðisrýrnun útlána nam 155,4 m.kr. fyrri hluta árs 2007 en rýrnunin nam 183,1 m.kr. á sama tímabili árið 2006. Afskriftarveikningur útlána nam 896,7 m.kr. sem er 1,15% af heildarútlánunum og veittum ábyrgðum, en var 1,01% í árslok 2006.

Efnahagur

Útlán sparisjóðsins til viðskiptavina námu 77.197,2 m.kr. og hafa aukist um 5,8% frá áramótum. Helstu útlánaformin eru sem fyrr verðtryggð lán og reikningslán en gengistryggð lán hafa aukist talsvert á árinu. Veltufjáreign nam 6.002,5 m.kr. og hefur aukist um 56,4% frá áramótum. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði námu 8.653,4 m.kr. fyrri hluta árs 2006 og hafa aukist um 23,83% frá sama tímabili í fyrra. Hlutdeildarfélag námu 7.182,5 m.kr. og hafa dregist saman um 236,1 m.kr. frá áramótum eða um 3,2%. Öll eign sparisjóðsins í skráðum verðbréfum var færð á markaðsgengi. Fjárfestingareignir og aðrar eignir námu 1.290,2 m.kr.

Innlán viðskiptamanna ásamt lántöku námu 79.357,5 m.kr. samanborið við 76.858,6 m.kr. í árslok 2006. Innlán viðskiptamanna námu 52.566,0 m.kr. og hafa aukist um 12,2% frá áramótum. Lántökur námu 26.791,6 m.kr. samanborið við 30.020,7 m.kr. í árslok 2006 og hafa dregist saman um 10,8%. Heildarfjármagn í lok júní 2007 nam 112.387,5 m.kr. og hefur aukist um 8.199,0 m.kr. frá áramótum eða um 7,9%.

Eigið fé

Eigið fé sparisjóðsins í lok júní nam 18.251,5 m.kr. og hefur vaxið um 4.303,6 m.kr. frá áramótum eða um 30,9%. Arðsemi eiginfjár á ársgrundvelli er 62,4%. Eiginfjárlutfall samkvæmt CAD-reglum var 15,9% en var 14,3% um í ársbyrjun. CAD-hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%.

Horfur fyrir árið 2007

Rekstur Byrs sparisjóðs gekk vel fyrstu sex mánuði ársins 2007 og er hagnaðurinn umfram áætlanir. Er hér um að ræða mesta hagnað sparisjóðsins á einum árhelmingi og er hagnaðurinn rúmlega fimmfaldur miðað við sama tímabil árið áður. Í áætlunum Byrs sparisjóðs fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir áframhaldandi góðri afkomu rekstrar. Sparisjóðurinn býr að sterkri lausafjárstöðu og góð afkoma liðinna ára hefur leitt til sterkar eiginfjárstöðu. Byr sparisjóður er því vel í stakk búinn að takast á við ný verkefni. Sparisjóðurinn mun sem fyrr leggja áherslu á að uppfylla margvíslegar þarfir viðskiptavina sinna með persónulegri og sveigjanlegri þjónustu þar sem byggt er á trausti og trúnaði.

Þann 27. júní sl. skrifuðu stjórnir Byrs sparisjóðs og Sparisjóðs Kópavogs undir áætlun um samruna sparisjóðanna og miðast hann við 1. janúar 2007. Gert er ráð fyrir að hlutur stofnfjáreigenda í Byr verði 87% í sameinuðum sjóði og hlutur stofnfjáreigenda í Sparisjóði Kópavogs 13%. Til að framangreint hlutfall náist verður stofnfé í Byr aukið um 2.971,2 m.kr. áður en til samrunans kemur og er gert ráð fyrir að stofnfjáraukningin fari fram í septembermánuði. Samruninn er til skoðunar hjá Fjármálaeftirlitinu og Samkeppniseftirlitinu. Þá eru viðræður hafnar á milli Byrs sparisjóðs og Sparisjóðs Norðlendinga um mögulega sameiningu sjóðanna. Í mögulegu sameiningarferli er stefnt að því að miða skiptihlutföll við sex mánaða uppgjör sjóðanna. Verði niðurstaða viðræðnanna jákvæð yrði sameining háð samþykki stofnfjáreigenda beggja sjóðanna, Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins. Engin tímamörk hafa verið sett fyrir viðræðurnar en stefnt er að því að sameining komi í kjölfar sameiningar Byrs sparisjóðs og Sparisjóðs Kópavogs. Með stærrí og öflugri sparisjóði fjölgar möguleikum til framþróunar og sóknar og verður hann betur í stakk búinn til að takast á við flóknari og viðameiri verkefni en áður. Stærrí og öflugri sparisjóður verður öllum til hagsbóta; viðskiptavinum sem mun bjóðast fjölbreyttari þjónusta og ráðgjöf; starfsfólki sem mun bjóðast tryggara starfsumhverfi og auknir möguleikar til starfsþróunar; og stofnfjáreigendum í góðri ávöxtun stofnfjárbréfa.

Framsækinn sparisjóður með nýtt nafn

Byr sparisjóður varð til með sameiningu Sparisjóðs vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar þann 1. desember 2006 en í kjölfar sameiningar sjóðanna var nýtt vörumerki og nafn kynnt þann 3. mars sl. Byr sparisjóður er framsækið og vaxandi fyrirtæki sem býður einstaklingum og fyrirtækjum faglega ráðgjöf og persónulega þjónustu í fjármálum. Markmiðið er að bæta árangur viðskiptavina og samfélagsins í heild. Ísland er aðalmarkaðssvæðið með áherslu á Stór-Reykjavíkursvæðið, en starfsemin fer einnig fram á Norðurlöndum og meginlandi Evrópu. BYR leggur einnig áherslu á að vera eftirsóknarverður samstarfsaðili fyrirtækja og góður fjárfestingarkostur. Helstu áherslur í starfseminni eru: persónuleg og vönduð þjónusta, sérsniðin að þörfum hvers og eins, skilvirk, hröð og hagkvæm starfsemi og að vera góður og eftirsóttur vinnustaður.

Nánari upplýsingar veita Ragnar Z. Guðjónsson og Magnús Ægir Magnússon sparisjóðsstjórar, sími 575-4000.